

Minnisblað

Dagsetning: 28.11.2023
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun vistgerða 2023 – Reykjanes

Úttekt var unnin á 'eyðihraunavist' á Reykjanesi sumarið 2023. Eyðihraunavist einkennist af lítt grónu, gropnu hrauni með mjög lítilli gróðurþekju og er hraunið sums staðar sand- og vikurorpið. Þar má yfirleitt finna jafnt hlutfall æðplantna, mosa og fléttna, en af æðplöntum eru blóðberg, lambagras og geldingahnappur algengastar. Eyðihraunavist er að finna víða á Reykjanesskaga en finnst einnig annars staðar þar sem hraun er ungt með lítinn gróður og þar sem sandfok hefur áhrif á gróðurframvindu eldri hrauna.¹ Gróðurmælingar voru framkvæmdar með það að markmiði að athuga hvort breytingar sem hafa átt sér stað á svæðinu frá því síðasta úttekt var framkvæmd árið 2013, hvort sem um er að ræða brotthvarf eða aðkomu plöntutegunda, breytingar á gróðurfélagi eða breytingu á vistgerð.

Framkvæmd

Reykjanes var heimsótt þann 28. júlí 2023 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gróðurmælingar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum NÍ um vöktun vistgerða. Á Reykjanesi var úttekt unnin á einu sniði (RN-24-03) út frá settum GPS hnitum. Tvö GPS hnit voru tileinkuð sniðinu, voru þau merkt með hælum og 40 metra málband lagt niður á milli þeirra. Engir varanlegir hælur sáust hins vegar frá mælingunni sem gerð var 2013 og engir hælur voru skildir eftir að þessu sinni. Fimm metrar voru síðan mældir báðu megin við GPS hnitin, hornrétt á málbandið, og hælur notaðir til þess að afmarka sniðið, þá 10x40 metrar. Þegar staðsetning og lega sniðsins var tilbúin var notast við staðsetningu smáreita frá gróðurúttektinni árið 2013. Árið 2013 voru átta smáreitarhnit, en í ár var ráðgert að nota einungis sex þeirra (hnitum nr. 2 og 7 var sleppt). Jarðvegsdýpt var mæld við alla smáreiti og jarðvegsbor var hafður til handa, en engan jarðveg mátti finna á sniðum og því engin jarðvegssýni tekin til frekari greiningar. Yfirlitsmyndir voru teknar af sniðinu (1. mynd) auk þess sem ljósmyndir voru teknar af smáreitum. Lega reits, jarðvegsraki og jarðvegsgerð voru metin, ásamt því að mæla gróðurhæð í hverju horni smáreits. Skráð var niður heildarþekja, æðplöntuþekja, grýtniþekja, mosapekja og fléttuþekja skv. Braun-Blanquet kvarða. Tegundir æðplantna voru einnig greindar innan smáreitanna og skráðar skv. Braun-Blanquet. Allt sniðið var síðan skoðað og allar þær tegundir sem ekki fundust í smáreitum voru einnig skráðar. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar var notuð til tegundagreiningar. Að lokum voru vistgerð og gróðurfélag sniðsins skráð. Til að framkvæma þessar mælingar voru ýmis tól notuð; hælur, málband, 33x100 cm rammi (fyrir smáreiti), GPS tæki, tommustokkur, myndavél (sími), plastpokar, jarðvegsbor, dýptarmælir, tveggja metra mælistika og sleggja.



1. mynd. Yfirlitsmynd af sniði RN-24-03.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar í gagnagrunn NÍ og vista allar ljósmyndir í ljósmyndaforritinu FotoWare. Náttúrufræðistofnun Íslands sér um ítarlegri greiningu gagnanna en hér eru helstu niðurstöður sem Náttúrustofan gerir grein fyrir:

Þegar sniðið er borið saman á milli áranna 2013 og 2023 hafa jarðvegsraki og jarðvegsgerð ekki breyst. Gróðurfélag í sniði RN-24-03 var áður 'mosi með grösum' (A5) en er skráð sem 'sandorpin hraun' (sa/hr) í dag.¹ Skráningar frá árinu 2013 sýna 0–0,5% mosaþekju í fjórum af átta smáreitum en árið 2023 var engan mosa að finna. Geldingahnappur og holurt voru mest einkennandi æðplöntutegundir bæði mælingaárin. Kattartunga, melgresi og blóðberg voru einnig skráðar tegundir bæði mælingaár, en lambagras var einnig á sniðinu árið 2023. Eina tegundin sem var skráð árið 2013 og fannst ekki í ár var túnvingull. Eins og komið hefur fram er vistgerð sniðsins skráð sem 'eyðihraunavist' og stendur það enn í dag.¹ Finna má einkenni eyðihraunavistar, s.s. ríkjandi sandorpið hraun, plöntur sem einkenna vistgerðina og aðrar lágvaxnar plöntur af skorum skammti (2. mynd).



2. mynd. Holurt og kattartunga í smáreit númer 4 á sniði RN-24-03.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Ekki hafa orðið miklar breytingar á gróðurfari sniðsins síðastliðin tíu ár. Æskilegt væri þó að halda áfram vöktun á svæðunum eftir önnur 10 ár.

Heimildir

1. Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.